

## FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Langar þig ekki til að skyggjast inn í framtíðina, að ég tala nú ekki um fortíðina? Tek að mér slíkan lestur fyrir þig. Upplýsingar í síma 552-1189.

Erla

## FÉLAGSFUNDIR 2013

Félagsfundir Lífssýnar verða haldnir í Bolholti 4, 4. hæð í sal Rósarinnar kl. 20:30. Eru þeir alltaf 1. þriðjudag í hverjum mánuði frá október fram í maí, að janúar undanskildum.

### Félagsfundur þriðjudaginn 1. október 2013

Fyrsti félagsfundur vetrarins verður þann 1. október n.k. Fyrirlesari verður Erla Stefánsdóttir og ætlar hún að fjalla um lífið. Aðrir fundir verða auglýstir síðar, en að venju er ætlunin að vera með skemmtilegt fólk, skáld og listamenn til að auðga andann.

Fylgist með auglýsingum á heimasíðunni: [www.lifssyn.is](http://www.lifssyn.is)

**www.lifssyn.is**

Minum á heimasíðuna okkar. Endilega skráið ykkur á gestalistann. Minnum einnig á facebook síðuna.

### HELSTU (T)ENGLAR LÍFSSÝNAR

Ari Magnússon 552-7977  
Bergþóra Andrésdóttir 566-7051  
Jón Hrafn Hlöðversson 551-8884  
Jóhanna Viggósdóttir 552-4707  
Kolbrún Guðjónsdóttir 566-6295  
Þórunn Karlsdóttir 552-5907

Ámundi Sigurðsson 659-7759  
Erla Stefánsdóttir 552-1189  
Jóhanna Steingrimsdóttir 567-2623  
Katrín Þorvaldsdóttir 551-2327  
Kristín Gunnlaugsdóttir 552-7870  
Þóra Björg Þórisdóttir 562-5324

### Hugleiðing

*Rennum vitundinni inn í efsta orkublóm okkar, í kórónuna og finnum styrk og hreinleika breiða sig yfir tilfinningarnar. Leiðum síðan vitundina inn í ennisstöðina, finnum víðáttu og frelsistilfinningu breiða sig yfir allan tilfinningalíkamann. Leiðum síðan vitundina inn í hálsstöðina og finnum lífið streyma fram og umbreyta tilfinningunum í jafnvægi og gleði. Leiðum síðan vitundina inn í blóm kærleikans og finnum elskuna breiða sig yfir tilfinningarnar og breyta þeim tónum sem enn eru sárir í frið og hamingju. Finnum einingu milli efnis og tilfinningalíkamans. Notum hugann og finnum bát hugans renna sér hljóðlega inn á lygn lón sálarinnar. Hlustið, finnið og horfið.*

Est.

## FRÉTTIR FRÁ SUMRINU

Æ, ansi var blautt, en álfar og slíkar verur sýndu sig í sól og blíðu.

Lítið var um ferðir Lífssýnar, gróðurferðin í Heiðmörk varð í annari vídd, en vöflukaffið hjá Ara brást ekki.

Nú, svo var hin hefðbundna ferð norður til hennar Kötú okkar mikið yndi. Ætluðum við að fá eitthvað af sólinni fyrir norðan, en við tókum auðvitað regnið með okkur frá suðurlandinu. Í kastala Kötú lifðum við sem blómi í eggjum. Við hugleiddum á Kaldbak og fylltum skjóðurnar af ljósi.

Við fórum að Mývatni og stönsuðum á leiðinni við Goðafoss, en komum ekki auga á Goðin.

Á norðurleið komum við við hjá Brynju og Jóhanni á Hraunsnefi og fengum gott í svanginn.

Nú, svo fór næstum sami hópur í Skaftafellssýslunum að Hörgslandskoti og fékk ég að ráða. Fórum við í álfakirkju kl. 6:00 á sunnudagsmorgni...og það var gaman og hátíðlegt...nú megið þið hugsa, hvernig, hvursu og af hverju? Svo horfðum við á veruna í Lómagnúpi, ókum síðan niður í Landbrot og horfðum til Mýrdalsjökuls, Kötlu og Skaftafells og bita af Vatnajökli.

Erlan.

## TVEIR VINIR

Út um eldhúsgluggann eru nokkur reynitré. Tvö þeirra eru sérstakir vinir mínir, hann og hún. Hann er hærri, en hún er þybbin. Hún er glaðari en hann er ábyrgðarfullur og feiminn. Ljósið hans er hvassara og tærara, en þetta er skemmtilegt og nálægðin mikið yndi.

Erlan

## LÍFSSÝN 25 ára

25 ára afmæli Lífssýnar var haldið í Hannesarholti og var það toppurinn á sumrinu. Þar var Óli Hilmar með fallega frásögn, Úa söng með undirleik og gestirnir komu með vel þússaðar og litríkar sálarárur. Stórkostlegar veitingar og yndislegt viðmót húsmóðurinnar, og ekki spillti fyrir að stjórnin var í hátíðarskapi.

Erlan.

## HVAR FINN ÉG GUÐ?

Finn ég Guð  
í morgunroðanum  
eða  
í aftureldingunni  
eða  
í skóhljóði þínu  
eða  
í brosi barnanna  
eða  
í ilmandi grasi vorsins  
eða  
í stjörnum augna þinna?

Erlan

## GÁLGAHRAUN

Í deilunum um Álfanesveg og Gálgahraun hefur álfa og aðrar vættir nokkuð borið á góma. Ýmsir skopast að þjóðtrúnni og aðrir lýsa vanþóknun sinni á því að gera „meinta“ búsetu þeirra í hrauninu að forgangsmáli fram yfir hagsmuni íbúa á svæðinu. Það er ekki síst Ófeigskirkja sem er tekist á um. Erla kom nýlega að Ófeigskirkju og Kjarvalsklettum. Hún varar mjög við framkvæmdum á þessum stað.